



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um úttekt á öryggisvörnum í skólum**

Á fundi borgarráðs 13. október 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins leggur til að borgarráð samþykki að fela skóla og frístundaráði að vinna að því, í samráði við skólasamfélagið að gera úttekt á öryggisvörnum í skólum þegar kemur að verklagi og viðbrögðum ef ytri vá steðjar að s.s. utanaðkomandi hættuástands eða ógn/hótun um að skaða börn og starfsmenn. Mikilvægt er að fyrir liggi skýrar reglur og verklagsferlar sem allir starfsmenn séu meðvitaðir um og þekki í þaula. Hver og einn þarf að vera með sitt hlutverk á hreinu standi fyrir dyrum ógn, hótun um skaða eða önnur ytri vá sem steðjar að börnunum og starfsfólki.*

### **Umsögn skóla- og frístundasviðs:**

Starfshópur um öryggismál í skóla- og frístundastarfi vann að því að gera úttekt á þörf starfsstaða skóla- og frístundasviðs á auknum öryggisbúnaði. Í skýrslu starfshópsins frá árinu 2020 eru viðmið um öryggi í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi er varðar aðgangsstýringu, eftirlit, innra öryggi og upplýsingagjöf. Í kjölfar skýrslunnar voru meðal annars merkingar á bæði húsnæði og starfsfólki auknar og könnun send út á stjórnendur starfsstaða skóla- og frístundasviðs um hvar þau telja þörf á auknum öryggisráðstöfunum og í hvaða mynd. Sú könnun er ráðgefandi og nýtt til forgangsröðunar fyrir starfsfólk sviðsins í dag þegar auknar öryggisráðstafanir eru á dagskrá í viðhaldi bygginga.